

5. FUNDUR STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2019-2020

Þriðjudaginn 26. nóvember kl. 18:00 var haldinn fimmti fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins í Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Svava Björk Ásgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson.

Guðni B. Guðnason og Heiðar Sveinsson boðuðu forföll.

Guðný Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ sat fundinn.

Þorsteinn Thorsteinson ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Augnskoðun shih tzu (fylgiskjöl 1 og 2)

Vísindanefnd HRFÍ ítrekaði afstöðu sína gagnvart niðurfellingu augnskoðunar hjá shih tzu og taldi alvarlegt fordæmi skapast vegna alvarlegra augnsjúkdóma sem finnast í tegundinni. Nefndin taldi nauðsynlegt að halda áfram augnskoðun á shih tzu og safna gögnum auk þess sem nýtt tilvik arfgengrar vaxandi sjónurýrnunar (PRA) hefði greinst í shih tzu eftir að augnskoðunarkrafan var afnumin. Vísindanefnd óskaði eftir að niðurfelling augnskoðunarkröfu á shih tzu yrði endurskoðuð og því var ákveðið að boða nefndina á fund stjórnar.

Fyrir hönd vísindanefndar mættu Kristín Elíza Guðmundsdóttir líffræðingur, Silja Unnarsdóttir dýralæknir og Unnur Olga Ingvarsdóttir dýralæknir.

Herdís fór yfir forsögu málsins en stjórn horfði til Norðurlandanna og Bretlands (heimalands shih tzu innan FCI) en í engu þessara landa er krafa um augnskoðun á shih tzu. Á sama tíma og augnskoðunarkrafa var afnumin hér á landi féll sú undanþága sem shih tzu hafði á ræktunarbanni vegna PRA úr gildi svo almenn regla um ræktunarbann vegna sjúkdómsins gildir nú hjá shih tzu eins og öðrum tegundum. Þá upplýsti Herdís að heildarendurskoðun á heilbrigðisskilyrðum væri í gangi og að ræktunar- og staðlanefnd félagsins héldi utan um þá vinnu.

Fulltrúar Vísindanefndar lögðu áherslu á að hægt væri að gera betur hér en annars staðar, það ætti að vera gæðastimpill að vera í HRFÍ og að líklegri væri að hinn almenni hundaeigandi fengi sér hreinræktaðan hund ef hann væri heilbrigður. Nefndarmenn nefndu einnig að vegna augnumgjarðar shih tzu væri tegundinni hættara við augnvandamálum en mörgum öðrum tegundum.

Þá lagði Vísindanefnd áherslu á að ekkert í vísindunum mælti með niðurfellingu augnskoðunarkröfu og taldi það fordæmi sem skapaðist hættulegt. Fulltrúar nefndarinnar töldu mikilvægt að hafa augnskoðunarkröfu og vildu frekar lengja tíma milli augnskoðana en fella niður. Nefndi hún 18-24 mánuði í því sambandi.

Ákveðið var að boða stjórn Shih tzu deildar HRFÍ á næsta stjórnarfund og heyra þeirra sjónarmið í málinu áður en ákvörðun yrði tekin.

2. Úrsögn úr nefndum (fylgiskjöl 3 og 4)

Tveir nefndarmenn höfðu sagt sig úr nefndum félagsins.

Eftir að hafa mætt á fund og rætt saman í síma var það samdóma álit að um miskilning hafði verið að ræða og voru úrsagnir settar í bið þar til endanleg niðurstaða yrði fengin varðandi augnskoðunarkröfu shih tzu. Stjórn á eftir að hitta stjórn shih tzu deildar.

3. Ræktunarstefna – erindi frá Ræktunar- og staðlanefnd HRFÍ (fylgiskjal 5)

Ræktunar- og staðlanefnd HRFÍ vinnur að endurskoðun reglna um skráningu í ættbók. Nú stendur yfir endurskoðun á sérreglum fyrir einstök hundakyn og óskaði nefndin eftir skýrri stefnu frá stjórn varðandi heilbrigðiskröfur. Því var ræktunar- og staðlanefnd boðuð á fund stjórnar en frá nefndinni mættu Anna Hermannsdóttir, Erna Ómarsdóttir og Lilja Dóra Halldórsdóttir.

Niðurstaða umræðna var að taka ætti á alvarlegum sjúkdómum í tegundum, beina sjónum að vandamálum tegunda og einnig hafa í huga kröfur annars vegar og tilmæli hins vegar. Þar mætti t.d. hafa í huga að sérfræðingar í augnsjúkdómum mæltu með augnskoðun allra tegunda á 12 mánaða fresti en svo strangar kröfur væru ekki raunhæfar. Ekki ætti að setja ræktunarskilyrði nema ástæða væri til því þær gætu einnig þrengt og minnkað ræktunarstofna. Horfa ætti til Norðurlandanna og heimalanda tegunda en heilbrigðiskröfur gætu verið mismunandi þar milli landa. Einnig væri æskilegt að samræma heilbrigðiskröfur milli skyldra tegunda. Gott væri að reyna að fara hinn gullna meðalveg og samræma við Norðurlöndin væri það hægt. Einnig væri gott að hafa í huga að HRFÍ væri lítið félag og hægt væri að leita til NKU landanna ef vandamál kæmu upp.

Þá var ákveðið að styðja nefndina og reyna að hafa tvo fulltrúa stórnar á fundum hennar með stjórnnum deilda félagsins.

4. Veiði- og vinnupróf Retrieverdeildar 2020 (fylgiskjöl 6 og 7)

Stjórn Retrieverdeildar HRFÍ óskaði eftir staðfestingu stjórnar HRFÍ á dagskrá veiði- og vinnuprófa fyrir retrieverhunda árið 2020 og var dagskráin samþykkt.

5. Ræktunarskilyrði retriever – erindi frá Retrieverdeild (fylgiskjöl 8 og 9)

Vísindanefnd HRFÍ studdi tillögu Retrieverdeildar HRFÍ varðandi breytingar á ræktunarskilyrðum retriever-hunda í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ og var erindið samþykkt.

Ræktunarskilyrði retrieverhunda eru nú eftirfarandi:

RETRIEVER Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. Greinist hundur með mjaðma- og/eða olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

Eftirtaldar tegundir: Labrador retriever, Chesapeake Bay retriever, Nova Scotia Duck Tolling retriever og Golden retriever verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fái skráðir í ættbók HRFÍ.

Eftirfarandi gildir um Labrador retriever, Chesapeake Bay retriever og Nova Scotia Duck Tolling retriever : : Öll undaneldisdýr skulu DNA prófuð fyrir prcd PRA greiningin sé Normal/Clear (N/C) eða séu sannanlega ekki sýkt vegna erfða frá foreldrum, Normal/Clear by parentage (N/C/P). Nota má hund sem ber prcd PRA á móti þeim sem sannanlega ekki ber genið. Hunda sem eru sýktir af PRA má ekki nota í ræktun.

Eftirfarandi gildir um Golden retriever: Öll undaneldisdýr skulu DNA prófuð fyrir GR_PRA1 og GR_PRA2 greiningin sé Normal/Clear (N/C) eða séu sannanlega ekki sýkt vegna erfða frá foreldrum, Normal/Clear by parentage (N/C/P). Nota má hund sem ber GR_PRA1 og/eða GR_PRA2 á móti þeim sem sannanlega ekki ber genið. Hunda sem eru sýktir af PRA má ekki nota í ræktun.

6. Deildarsýning Chihuahua deildar 2020 – erindi frá Chihuahua deild (fylgiskjöl 10, 11, 12 og 13)

Chihuahua deild HRFÍ sótti um deildarsýningu á sýningarhelgi HRFÍ 6.-7. júní 2020. Dómari verður Anna Lena Angeria frá Finnlandi. Sýningastjórn gaf jákvæða umsögn og var sýningin samþykkt með þeim skilyrðum að skipulag og tímasetning yrði gert í samráði við sýningastjórn HRFÍ og að sami skráningarfrestur yrði á báðar sýningar.

7. Hundafimimót – erindi frá Íþróttadeild (fylgiskjal 14)

Íþróttadeild HRFÍ sótti um að halda hundafimimót 21. desember n.k. í Reiðhöllinni að Hattarvöllum og var það samþykkt.

8. Samþykkt milli funda:

a. Reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ

Í Reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ sem samþykkt var s.l. sumar vantar eftirfarandi málsgrein og var samþykkt að bæta henni inn í reglugerðina:

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands er heimilt að gefa undanþágu frá ákvæðum í reglugerð um skráningu í ættbók.

b. Afreks- og þjónustuhundar ársins (fylgiskjal 15)

Farið var yfir þær tilnefningar sem bárust til útnefningar afreks- og þjónustuhunda ársins.

Ákveðið að heiðra íslenska fjárhundinn Arnarstaða Skugga í eigu Brynhildar Bjarnadóttur sem þjónustuhund ársins hjá HRFÍ. Skuggi er heimsóknarhundur Rauða Krossins á Hrafnistu í Hafnarfirði en þangað hefur hann farið vikulega s.l. 3,5 ár í heimsókn á deild fyrir heilabilaða ásamt eiganda sínum.

Ákveðið að heiðra boxer hundinn Hagalíns One Love 'Emmu' sem afrekshund ársins hjá HRFÍ en Emma býr hjá Jórunni Dögg Stefánsdóttur og hennar fjölskyldu. Tvö barnanna á heimilinu hafa Kabuki Syndrome og hefur Emma verið fjölskyldunni ómetanleg hjálp og stuðningur.

c. Kæra vegna framkvæmdar meginlandshundaprófs – erindi frá félagsmanni (fylgiskjöl 16, 17 og 18)

Kærandi vildi meina að reglur um skráningu í meginlandshundapróf hefðu verið brotnar þar sem almennur hluti reglna um meginlandshundapróf stangaðist á við sérreglur einstakra hundakynja. Þá var einnig bent á að hægt væri að túlka reglurnar þannig að hundar skyldu hafa lokið sóknarluta veiðiprófs áður en farið væri í vettvangsvinnu, ekki væri heimilt að skrá eða taka þátt nema hafa staðist sóknarhlutann fyrst. Kærandi taldi meginlandshundaprófið ólöglegt og fór fram á að niðurstöður þess yrðu felldar niður og prófið dæmt ógilt.

Kæran er óskýr og tilgangurinn óljós og kæruheimild einnig á reiki. Í því ljósi var samþykkt að visa kærinni frá.